



## IBM System/38 - IBM AS/400 – IBM eServer iSeries – IBM System i – IBM Power Systems

### – The IBM Future Systems project -

Þegar IBM markaðsetti **System/38** tölvuna í október 1978 var það afrakstur eins viðamesta þróunarverkefnis sem IBM hafði staðið að. Verkefnið sem var nefnt “The IBM Future Systems project” hófst um um 1970 og markmiðið með því var að hanna tölvuumhverfi sem væri sem mest óháð undirliggjandi vélbúnaði og þannig væri fjárfesting í notendahugbúnaði varin og gæti hugbúnaðurinn flust auðveldlega á milli kynslóða tölva og ólíks vélbúnaðar.

Niðurstaðan varð byltingarkennt tölvuumhverfi sem enn þann dag í dag nú 30 árum síðar stendur fullkomlega undir öllum þeim væntingum, sem hönnuðir þess höfðu, að mati Frank G. Soltis, yfirhönnuðs hjá IBM, og sem hefur stundum verið kallaður “faðir” þessarar þróunar.

Þetta tölvuumhverfi, sem í upphafi hét **CPF** (Control Program Facility), byggir á hlutbundnu (object oriented) fjölgjörva (multiprocessor) umhverfi með einstigs geymslustjórnun (single-level storage management) og innbyggðum vensluðum gagnagrunni (integrated relational data base) og öflugum möguleikum á að vinna í sýndarvélum (virtualization technologies).

Segja má að þetta umhverfi hafi verið á undan sinni samtíð árið 1978 því vélbúnaður þess tíma var ekki nægjanlega öflugur til að það nyti sín vel og IBM frestaði m.a. afgreiðslu á fyrstu **System/38** tölvunum um eitt ár vegna hraðavandamála. Þetta ásamt því að verð tölvanna var hátt m.v. **System/34** og **System/36** hafði það í för með sér að **System/38** seldist illa og t.d. voru einungis 3 slíkar vélar seldar hérlendis.

Það var síðan um 1985 að þróaður var búnaður í System/38 sem gerði mögulegt að keyra hugbúnað sem gerður var fyrir **System/36** í sérstöku hermiumhverfi og vöknudu þá hugmyndir um að koma með “nýja” tölvu sem tæki við bæði af **System/36** og **System/38**. Verð á vélbúnaði hafði líka lækkað umtalsvert frá 1978 og því var möguleiki á að smíða minni og ódýrari gerðir af **System/38** tölvu en áður var hægt. Ákveðið var að þróa slíkan arftaka þessara beggja tölvuumhverfa og var verkefninu gefið leyniheitið “Silverlake” eftir litlu vatni í Rochester í Minnisota þar sem hönnunin átti sér stað. Það liðu rúm 2 ár þar til afraksturinn leit dagsins ljós í júní 1988 sem **AS/400**. Raunverulega var hér um að ræða nýja gerð af **System/38** sem byggði á nýjustu tækni og gat unnið með hugbúnað frá **System/36** jafnt og **System/38**.

IBM lagði mikið afl í markaðssetninguna og salan á **AS/400** fór fram úr björtustu vonum og fljótlega höfðu selst yfir 500.000 tölvur af gerðinni **AS/400** og hefur engin miðtölva selst í því líku magni fyrr né síðar.

Hér á landi varð **AS/400** fljótlega nokkuð vinsæl og þegar mest var voru yfir 120 fyrirtæki með **AS/400** tölvur.

Nafni stjórnkerfisins hefur verið breytt nokkrum sinnum en það hét upphaflega **CPF** síðan **OS/400** þá **i5/OS** og loks núna árið 2008 **IBM i**.

Nafni vélanna hefur einnig verið breytt nokkrum sinnum á æviskeiðinu, upphaflega varð það **System/38** árið 1978 þá **AS/400** árið 1988 og árið 2000 var tölvun nefnd **eServer iSeries** og á árinu 2006 var hún nefnd **System i** og loks á árinu 2008 **Power Systems**.

